


REAL vinnustóllinn hefur marga stillimöguleika og hægt er að fá á hann ýmsa aukahluti. Hægt er að stilla stóllinn þannig að hann henti hverjum og einum. Vinnustóllinn ætti ekki að nota af öðrum en þeim sem hann er stilltur fyrir. Hann er hannaður til notkunar innanhúss og ætti ekki að komast í snertingu við vökva eða efnavöru. Ekki má nota annan búnað á vinnustóllinn en þann sem Mercado Medic AB hefur samþykkt. Viðgerðir skulu eingöngu framkvæmdar af starfsmönnum Eirbergs ehf. eða starfsmönnum Hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar ríkisins. Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar vandlega fyrir notkun.


Bak

Hægt er að velja um tvær mismunandi gerðir af baki: Standard eða Medic. Bökin eru með stillingu fyrir hæð (1) og aðra fyrir halla (2). Losið um skrúfunu, stillið hæðina / hallann og herðið skrúfunu. Á stól með Medic baki er hægt að stilla sætisdyptina með því að losa skrúfunna og herða (3). Hallann á bakinu er hægt að stilla með sveifinni (4).



Armar


Hægt er að stilla hæð á örmum, fjarlægð á milli þeirra og fella þá aftur. Losið um skrúfunu til að stilla hæðina (1) eða setbreiddina (2) og herðið aftur. Til að leggja arminn aftur þá er takkinn neðarlega við arminn dreginn út (3). Búnaðurinn læsist sjálfkrafa þegar armurinn er færður í uppétta stöðu. Hægt er að koma í veg fyrir það með því að snúa skrúfunni (3) um ¼ hring.



Sethæð


Twin EL (rafknúinn)

Sethæðin er stillt með því að ýta á rofann (1) undir arminum. Til að hækka setuna, ýtið á örina sem vísar upp og til að lækka setuna, ýtið á örina sem vísar niður.



Twin



Sethæðin er stillt með því að ýta á sveifina undir arminum sem er á hægri hlið stólsins (nema annað sé pantað). Þrýstið sveifinni upp til að breyta um stillingu (2).



Bremsa

Bremsunni er stjórnað með stöng (1). Til að setja stólinn í bremsu á að ýta stönginni fram. Bremsustöngina er hægt að færa á hvora hliðina sem er. Stóllinn á að vera í bremsu þegar sest er í hann og þegar staðið er upp. Reglulega skal athuga að bremsan virki. Hægt er að endurnýja gúmmíð. Á ójöfnu gólfi gæti bremsan gefið eftir.

Ef stóllinn er með rafknúinni bremsu þá þarf að halda niðri hnappnum (2) minnst í eina sekúndu.



Príf og viðhald

Prífið stóllinn með klút og varist að á hann safnist ryk og óhreinindi. Áklæðið er hægt að þrifa með froðuhreinsi. Hreinlætinsins vegna er ráðlagt að skipta um bólstrunina þegar skipt er um áklæði. Hægt er að fá hlíf yfir setu. Það þarf að fara yfir lyftubúnaðinn reglulega og halda honum hreinum. Setjið setuna í hæstu stöðu. Prífið með klút. Notið ekki vatn eða hreingeringarlög. Smyrjið pumpuna með þunnu lagi af smurefni sem inniheldur Teflon eða silicon, það er hreinlegra en smurefni með olíu.

TWIN EL

Rafhlöðuna þarf að hlaða reglulega, helst á hverri nóttu. Það er nausynlegt að halda hleðslu á rafhlöðunni til að lengja líftíma hennar. Tengid hleðslutækið við rafhlöðuna á stólnum (við arminn) og svo í rafmagnsinnstunguna. Við hleðslu kviknar gult ljós en þegar rafhlaðan er fullhlaðin breytist ljósið og verður grænt. Einungis er heimilt að nota hleðslutæki sem hönnuð eru fyrir REAL stólana. Hvorki er hægt að hækka eða lækka stólinn meðan á hleðslu stendur.

Öll nauðsynleg verkfæri, smurefni og fleira er hægt að panta frá Eirbergi ehf.



Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Sími 569 3100
Netfang: eirberg@eirberg.is
Veffang: www.eirberg.is